

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur nr. 1063, 22. desember 2009, með síðari breytingum.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, með áorðnum breytingum hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, notkunargjöld hitaveitu, er taki gildi 1. október 2011.

Allir gjaldskrárlíðir heits vatns hækka um 5%. Heimlagnir hitaveitu hækka sömuleiðis um 5%.

	<i>Verð án vsk.</i>	<i>Verð með 7% vsk.</i>
Almenn notkun		
Vatnsverð	101,51 kr./m ³	108,62 kr./m ³
Fast gjald	14.758 kr./ár	15.791 kr./ár

Iðnaðarvatn

Stærri notendur þar sem heitt vatn er notað sem beinn framleiðsluþáttur, geta sótt um að kaupa vatn á 25% verði.

Annað

Grunnverð fyrir sumarhús, fjárhús, hesthús og sambærileg hús er fast gjald - minnsta notkun á heitu vatni er 350 m³/ár.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni.

Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu.

Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2,0% af smásöluverði.

Heimlögn

20 - 32 mm	216.766 kr.	231.940 kr.
40 mm	301.063 kr.	322.138 kr.
Breyting	samkvæmt kostnaði	

Iðnaðarráðuneytinu, 21. september 2011.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.